

VIII. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 75. GR.

FÖR EINSTAKLINGA SEM VEITA ÞJÓNUSTU

1. gr.

Gildissvið

Viðauki þessi gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem eru þjónustuveitendur eins samningsaðila og einstaklinga eins samningsaðila sem þjónustuveitandi eins samningsaðila ræður til að veita þjónustu.

2. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar

- Við beitingu 69. gr. 7. kafla skal hvor samningsaðili veita aðgang að, eða tryggja að lögbær stjórnvöld hans veiti aðgang að, upplýsingum sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að veita leyfi til komu, tímabundinnar dvalar og atvinnu á yfirráðasvæði hans. Slíkum upplýsingum skal haldið uppfærðum.
- Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu einkum felast í lýsingu á:
 - öllum gerðum vegabréfsáritana og atvinnuleyfa sem hafa þýðingu að því er varðar komu, tímabundna dvöl og atvinnu einstaklinga sem falla undir þennan viðauka,
 - kröfum og verklagi vegna umsóknar um og útgáfu á komuleyfi í fyrsta sinn, fyrir tímabundna dvöl og, eftir atvikum, atvinnuleyfi, þ.m.t. upplýsingar um þau gögn sem krafist er, skilyrði sem þarf að uppfylla og hvernig þær eru lagðar fram, og
 - kröfum og verklagi fyrir umsókn um og útgáfu á endurnýjun leyfis fyrir tímabundna dvöl og, eftir atvikum, atvinnuleyfum.
- Hvor samningsaðili skal veita hinum samningsaðilanum upplýsingar um útgefið efni eða vefi sem máli skipta þar sem upplýsingar sem um getur í 2. mgr. eru veittar
- Reynist framkvæmd 1. mgr. ekki raunhæf fyrir annan hvorn samningsaðilanna, skal sá samningsaðili veita hinum samningsaðilanum þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr., auk allra síðari breytinga sem kunna að verða á þeim. Auk þess skal sá samningsaðili gefa hinum samningsaðilanum upp samskiptaupplýsingar um það stjórnvald þar sem þjónustuveitendur hins samningsaðilans geta, samkvæmt beiðni, aflað þeirra upplýsinga sem um getur í 2. mgr.

3. gr.

Skjót málsmeðferð við umsókn

- Lögbær stjórnvöld hvors samningsaðila skulu leitast við að flýta afgreiðslu umsókna um leyfi til komu, tímabundinnar dvalar eða atvinnuleyfi sem þjónustuveitendur hins samningsaðilans hafa lagt fram, þ.m.t. umsóknir um framlengingu þeirra, í samræmi við lög og reglugerðir sem við eiga.
- Krefjist lögbær stjórnvöld samningsaðila viðbótarupplýsinga frá umsækjanda til þess að unnt sé að afgreiða umsókn hans, skulu þeir tilkynna honum það án ótilhlýðilegrar tafar.
- Lögbær stjórnvöld samningsaðila skulu, að beiðni umsækjandans, leitast við að veita upplýsingar um stöðu umsóknarinnar án ótilhlýðilegrar tafar.
- Lögbær stjórnvöld hvors samningsaðila skulu tilkynna umsækjanda um leyfi til komu, tímabundinnar dvalar eða atvinnuleyfi um niðurstöðu vegna umsóknar hans án ótilhlýðilegrar tafar um leið og ákvörðun hefur verið tekin. Í tilkynningunni skal koma fram lengd dvalar og aðrir skilmálar og skilyrði.

4. gr.

Tengiliðir

- Tengiliðir vegna mála sem um getur í 1. og 3. gr. eru:
 - Fyrir hönd Kína: viðskiptaráðuneytið.
 - Fyrir hönd Íslands: utanríkisráðuneytið.

5. gr.

Vinnuhópur

1. Vinnuhópi er hér með komið á fót undir stjórn sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar sem komið er á fót skv. 10. kafla samnings þessa.
2. Störf vinnuhópsins skulu felast í því að miðla upplýsingum, gera úttekt á þróun, undirbúa og samræma afstöðu og semja tæknilegar breytingar á þeim sviðum sem falla undir þennan viðauka.
3. Vinnuhópurinn mun kanna möguleika þess að einfalda málsmeðferð, þ.m.t. fyrir kínverska einstaklinga með tilskilin leyfi, vegna atvinnu á Íslandi á sviðum sem hafa kínversk sérkenni, t.d. lækna á sviði hefðbundinnar kínverskrar læknisfræði, matreiðslumenn sem iðka kínverska matreiðslu, aðstoðarkennara í mandarín-kínversku, kínverska þjálfara í bardagalist („Wushu“) og kínverska leiðsögumenn, í samvinnu við viðeigandi stofnanir og samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.
4. Vinnuhópurinn skal kallaður saman í tengslum við fundi sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar að beiðni annars hvors sammingsaðilans. Vinnuhópurinn skal gefa sameiginlegu fríverslunarnefndinni skýrslu.